

## AUGLÝSING

### um fyrirmæli landlæknis um að fella úr gildi auglýsingu um frestun valkvæðra skurðaðgerða og annarra ífarandi aðgerða.

Með vísan til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, hefur heilbrigðisráðherra hinn 10. nóvember 2020 staðfest fyrirmæli landlæknis um að fella úr gildi auglýsingu um frestun valkvæðra skurðaðgerða og annarra ífarandi aðgerða eins fljótt og verða má, samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari.

Samkvæmt þessu fellur auglýsing nr. 1038/2020, um fyrirmæli landlæknis um frestun valkvæðra skurðaðgerða og annarra ífarandi aðgerða, úr gildi frá og með 11. nóvember 2020.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 10. nóvember 2020.*

F. h. r.

**Ásta Valdimarsdóttir.**

---

*Elsa B. Friðfinnsdóttir.*

### Fylgiskjal.

#### FYRIRMÆLI

#### landlæknis um að fella úr gildi auglýsingu um frestun valkvæðra skurðaðgerða og annarra ífarandi aðgerða.

Eins og kunnugt er var Landspítali settur á neyðarstig í kjölfar hópsmits á Landakoti. Í kjölfar þess lagði landlæknir til að valkvæðum aðgerðum, sem geta beðið, yrði frestað og staðfesti heilbrigðisráðherra fyrirmæli þar um með auglýsingu. Landlæknir hefur lagt áherslu á að þær takmarkanir myndu gilda eins stuttan tíma og mögulegt er.

Staðan innan spítalans er enn alvarleg en heldur hefur hægst um. Í ljósi þess hefur nú borist erindi frá Landspítala þar sem talið er óhætt að hefja valkvæðar aðgerðir á ný en með vissum takmörkunum.

Því leggur landlæknir til að auglýsingin verði felld úr gildi eins fljótt og verða má.

Landlæknir mun í kjölfarið hvetja lækna, hvort heldur þá sem starfa innan eða utan opinbera kerfisins eða innan eða utan spítala, til að hefja að nýju valkvæðar aðgerðir samkvæmt getu hvernar stofnunar. Landlæknir mun biðla til sjálfstætt starfandi lækna að biða heldur lengur með stærri aðgerðir og verður í sambandi við hlutaðeigandi vegna þess.